

## 11. fundur í Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd.

Miðvikudaginn 22. ágúst kom USB saman til fundar að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn. Fundur hófst kl 17:16. Mætt voru: Sigurður J. Jónsson, Steinn Karlsson og Jóhanna Helgadóttir, einnig sat fundinn Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

### Dagskrá

#### 1. Frystigeymsla, vettvangsskoðun.

Farið í vettvangsskoðun.

“Nefndin leggst ekki gegn umræddri framkvæmd háð því að hún brjóti

ekki í bága við framtíðardeiliskipulag eða að samkomulag við nágretta á grundvelli grenndarkynningar náist.

#### 2. Fyrirhugað tímabundin breyting á rennsli hafnarlækjar um hafnarsvæði.

Lagðar fram teikningar og bréf til íbúa við Fjarðarveg 15, 17 og 19,

Lækjarveg 4 og 6 og Sunnuveg 1 og 2. Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd.

#### 3. Staðsetning gámasvæðis á Þórshöfn.

Nefndin leggur til að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa um þá  
3  
valkosti sem tillaga er gerð um.

Í fundarlok var farið í vettvangsskoðun á staðina þrjá. Fundi slitið kl 19:16.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.